

JÁR, 15. sept 2009 Um auðkenni/nafnspjöld starfsmanna.

Hvað þýðir / hvað fylgir auðkenni?

Það að starfsmenn ganga með auðkenni breytir stofnuninni. Vitum við hvernig? Viljum við þannig breytingar? Verður sess, vægi, starfsmanna annað ef þeir hafa auðkenni.? Fylgir nafnspjaldi annað viðhorf til nemenda og hlutverks okkar en ef ekki er um nafnspjald að ræða?

Starfsmenn

VMA er opinber stofnun. Starfsmenn eru 120??

Nýir starfsmenn þurfa að læra mörg nöfn. Nýir starfsmenn eru strax starfsmenn, við höfum enga starfsmenn sem eru ekki fullgildir slíkir. Þó höfum við nemendur í starfsnámi í VMA, nemendur á starfsbraut sinna ákveðnum verkum. Við viljum að starfsmenn Lostætis séu merktir því fyrirtæki.

Nemendur eru 1350

Nemendur þurfa að leita til starfsmanna. Stundum þurfa nemendur að geta sagt hvern þeir hafa hitt. Við notum nöfn starfsmanna mikið.

Gestir

Ýmsir gestir koma hér og þurfa þjónustu. Gott er að geta auðkennt sig og að viðkomandi gestir sjái nafn og hlutverk starfsmanns þótt það hafi farið framhjá þeim þegar starfsmaðurinn kynnti sig.

Þjónusta

Nafnspjald er líka auðkenni stofnunarinnar, sýnir að viðkomandi er starfsmaður. Það merkir að viðkomandi er til taks að veita þjónustu eða hægt er að leita til viðkomandi. Stofnunin tekur ábyrgð á viðkomandi og verkum hans/hennar sem starfsmanns. Auðkenni segir að þú ert stofnunin í því hlutverki sem þú sinnir. Það gefur starfsmanni í og með vægi að hægt er að sjá hver þú ert.

Hvað á að vera á auðkenni?

- merki VMA
- nafn starfsmanns
- skammstöfun sem t.d. er notuð á stundaskrá.
- starfsheiti - mátulega almennt
- hvenær auðkennið er búið til.
- mynd
- annað (lykilkort???? aðgangskort) önnur hlutverk.

Kröfur

Þarf að vera mátulega stórt, ekki of stórt. Þarf að vera þannig að hægt sé að hengja það á sig. Efni, þannig að ekki glampar á spjald, þannig að hægt sé að sjá á auðkennið undir víðu horni.

Skýrar merkingar, auðvelt að lesa á auðkennið.

Passa að auðkennin valdi ekki slyshættu.

Áður en auðkenni eru búin til: Þarf að breyta starfsheitum? Á að gefa út nýtt auðkenni þegar starfsheiti breytast? Hvað kosta auðkennin? Ræða hugsanlega mismunandi útfærslur eftir hlífðarfatnaði á mismunandi stöðum. Læra af viðbrögðum og því sem fólki finnst um þau spjöld sem hafa verið notuð haustið 2009 og áður, til eru eldri auðkenni.